

## Minnisblað til Ísafjarðarbæjar frá húsfélaginu Fjarðarstræti 57 – 59 Ísafirði.

Í fundargerð aðalfundar húsfélagsins Fjarðarstræti 57 – 59, sem haldinn var þann 29. júní 2017, er þetta bókað (orðrétt):

„Rætt var um svæðin við endana á húsinu. Á sínum tíma tók húsfélagið að sér að láta malbika við „Grundarplanið“ hjá Grund og gera svæðið þar sem húsið Grund stóð áður snyrtilegt (við endagaflinn við Fjarðarstræti 57). En á hinum endanum þar sem Vallaborg stóð (við endagaflinn á Fjarðarstræti 59) er enn bara drullusvað og illa gengur að halda því svæði snyrtilegu þar sem eigendur bílskúra eru ekki að snyrta í kringum sig. Bílplön hjá þeim eru ómalbikuð. Á veturna er snjó mokað af götum og á milli bílskúra og Túngötublokkar og þegar hlánar þá fer allt á flot og þar sem hallinn er að Fjarðarstræti 59 þá flæðir vatnið að húsinu. Í tvö skipti hefur það gerst að það hefur flætt inní kjallara á Fjarðarstræti 59. Þetta var um páska 2015 og 2016. Þar sem Ísafjarðarbær er eigandi að þremur íbúðum í húsinu og þeirra leigjendur koma öðru leyti ekki neitt að húsfélaginu eða öðrum almennum rekstri (slætti, mokstri frá aðaldyrum o.s.frv) þá leggur húsfélagið til að Ísafjarðarbær sem eigandi þessara þriggja íbúða taki að sér að laga þenna hluta að lóðinni sem verði þá þeirra framlag til húsfélagsins. Síðan þarf að taka ákvörðun um þetta svæði sem enginn hugsar um. Fundurinn skorar á Ísafjarðarbæ að beita þeim úrræðum sem til eru til að eigendur bílskúranna láti setja bundið slitlag eða eitthvað annað snyrtilegt á bílplönin við skúrana.“

Í dag er staðan sú að búið er að dreina við gaflinn á Fjarðarstræti 59 (snýr að Túngötu) og útað gryfju til að koma í veg fyrir frekari leka í geymslur og fleira í sameign í kjallara. Þessar framkvæmdir kostuðu um 600 þúsund krónur auk vinnuframlags húseigenda, annarra en Ísafjarðarbæjar.

Frágangur á lóð er þó enn eftir og er það ósk okkar í stjórn húsfélagsins að Ísafjarðarbær sem eigandi af tveimur íbúðum af sex í þessum enda (samtals þremur íbúðum af tólf íbúðum í húsinu öllu) komi að því verki, hvort sem er í beinum fjárútlátum eða vinnu við þetta. Það hefur ekkert aukaframlag komið frá Ísafjarðarbæ vegna þessara lagfæringa og nú er hugmynd að setja göngustíg meðfram húsinu og tengja hann inná göngustíginn sem er til staðar á milli blokkana í Fjarðarstræti, Eyrargötu og Túngötu.

Við óskum eftir aðkomu Ísafjarðarbæjar að þessu og skipuleggi þetta með stjórn húsfélagsins.

Þá er stjórn húsfélagsins óánægð með að hafa þurft að láta framkvæma og greiða fyrir malbikun á bílastæðum við blokkina og halda því síðan hreinu, bæði með því að láta moka snjó á eigin kostnað sem og önnur þrif. Á meðan horfum við uppá að íbúar í nágrenninu (Túngötublokk, Eyrargötublokkum og Fjarðarstræti 55) er öllum skaffað malbikuð bílastæði og frír snjómokstur. Þetta viljum við fá að taka upp og ræða við bæjaryfirvöld.

Ísafirði 4 júní 2019

Fyrir hönd húsfélagsins að Fjarðarstræti 57 og 59

